

# ÍSLE3CÁ05

**Nafn áfanga:** ÍSLE3CÁ05

**Titill áfanga:** Trúir þú á álfasögur?

**Lýsing á efni áfangans:**

Álfasögur eru settar í flokk goðfræðisagna í þjóðsögum Jóns Árnasonar en í þeim flokki má einnig finna sögur af hafmeyjum, marbendlum, nykrum, skrímslum og öðrum vatnabúum. Í Snorra-Eddu er getið um Álfheim sem er staðsettur á himni eða í nágrenni við goðheim. Í áfanganum verða lesnar sögur af hulduverum sem búa í næsta nágrenni við okkur en eru okkar samt ósýnilegar. Þessar textategundir eru sagnir af ýmsum toga, svo sem ævintýri, þjóðsögur og flökkusagnir. Leitað verður svara við eftirfarandi spurningum: Eru álfar og huldufólk til og hvar býr það? Trúir fólk á 21. öldinni á álfa? Ef svo er, hvernig kemur það fram? Hver er uppruni álfatrúar og hvaða hlutverki hefur hún gegnt í gegnum tíðina? Eru álfar ímynd hins sanna Íslendinga og náttúruverndarsinna? Farið verður í vettvangsferðir í álfa- og huldufólksbyggðir og á staði þar sem bannhelgi hvílir. Þá skoðum við birtingamyndir álfa og annarra vætta í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

**Undanfari:**

ÍSLE2AB10/ÍSLE2BB05

**Námsmat:**

Námsmat verður með ýmsu sniði en í lok áfangans skila nemendur verkefnamöppu og lestrardagbók.